

Forseti Alþingis
Einar Kristinn Guðfinnsson
Alþingishúsinu
101 Reykjavík

Næstkomandi laugardag verður eitt árið liðið frá því ég ritaði þér opið bréf um líkleg misferli í samningum ríkisstjórnarinnar við erlenda kröfuhafa gömlu viðskiptabankanna á árinu 2009.

Í bréfi þessu hvatti ég til þess að Alþingi hlutaðist til um að afla stofnúrskurða Fjármálaeftirlitsins fyrir nýju bankana sem stofnaðir voru með heimild í neyðarlögum. Jafnframt sendi ég Alþingi fundargerðir stýrinesndar fjármálaráðherrans Steingríms J. Sigfússonar sem ég fékk afhentar með atbeina Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Þar sem þær voru ritaðar á enska tungu hvatti ég til að Alþingi léti þýða þær á íslensku, landsmönnum til upplýsinga og glöggvunar.

Þú vísaðir málinu til úrvinnslu hjá stjórnskipunar og eftirlitsnefnd þingsins. Skemmst er frá því að segja að þar á bæ hefur lítið verið aðhafst í málinu.

Það atvikaðist svo að ókunnur aðili sem ég hef nefnt hinn "nýja litla símamann" sendi mér alla stofnúrskurði FME um nýju bankana með fylgiskjöllum og sundurgreindum afskriftaforsendum og afskriftum einstakra útlána um flutning eigna úr gömlu bönkunum í þá nýju til að standa undir skuldbindingunum (innlánunum) sem flutt voru til að bjarga sparifé landsmanna.

Með þessum stjórnvaldsúrskurðum og heimild í neyðarlögum flutti FME þessar eignir með beinni haldlagningu / upptöku ásamt tryggingarréttindum sem þeim fylgdu og færði í nýju bankana. Við flutninginn voru eignirnar lækkaðar með afskriftum einstakra útlána svo þær gætu staðið undir skuldbindingunum sem fluttar höfðu verið. Þá var í þessum stofnúrskurðum öllum erlendum skuldbindingum breytt í íslenskar krónur, miðað við gengi íslensku krónunnar 30.09.2008.

Bréfi þessu læt ég fylgja 8 bls. greinargerð mína um þá atburði sem fylgdu störfum stýrinesndarinnar á árinu 2009 og samningum fjármálaráðherrans við skilanefndir hinna föllnu banka. Þar fjalla ég um einstök atriði mála.

Þá sendi ég þér alla stjórnvaldsúrskurðina sem mér voru sendir til að Alþingi geti kynnt sér þá.

Í greinargerðinni leiði ég líkur að því að framin hafi verið stórfelld brot á almennum hegningarlögum, stjórnsýslulögum, lögum um fjármálaþyrtingu, lögum um fjármálaeftirlit

og ef til vill fleiri lögum. Sýnist mér hugsanlegt að ólögmætur hagnaður skilanefnda / slitastjórna af meintum fjárvikum og auðgunarbrotum kunni að nema á bilinu 300 - 400 milljörðum króna í bönkunum þremur. Fæ ég ekki betur séð en að það staðfestist með samanburði við stofnefnahag bankanna þriggja og skoðun á ársreikningum þeirra til ársins 2014.

Það er síðan kaldhæðni örlaganna að í fréttum síðustu daga gefur að lesa að nú vilji slitastjórnir sumra hinna föllnu banka reyna að kaupa sig frá höftum með því að afhenda Seðlabanka Íslands þennan feng sinn.

Með bréfi þessu og afriti sem ég sendi öllum öðrum þingmönnum legg ég það á herðar ykkar alþingismanna að taka viðeigandi ákvarðanir um nauðsynlega rannsókn þessa máls sem ef til vill er stórfelldasta svika og blekkingarmál sem sögur fara af hér á landi.

Nú gefst ykkur tækifæri til að endurheimta traust. Vonandi grípið þið það.

Sjálfur mun ég opinbera þessi gögn svo landsmenn eigi þess kost að kynna sér þau og taka þátt í umræðu um málið.

Garðabær 22.1.2015

Virðingarfyllt

Víglundur Þorsteinsson

